



Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Flugvallarvegi
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 15. mars 2019
Tilv.: SRN19020027/3.90.4.0

Efni: Athugasemdir við drög að ályktun rannsóknarnefndar samgönguslysa, dags. 4. febrúar 2019.

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar samgönguslysa, dags. 4. febrúar 2019, þar sem óskað var eftir umsögn samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við drög að ályktun nefndarinnar. Málið varðaði rannsókn á leka í vélarrúmi Nautvíkur ST 80 sem var dregin til hafnar. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að skriðbretti aftan á bátnum hafði losnað af og skilið eftir sig gat inn í vélarrúmið. Er niðurstaðan að rangur frágangur og festingar á skriðbrettum hafi verið orsök atviksins. Fram hafi komið hjá Samgöngustofu að nýsmíðateikningar sem samþykktar voru fyrir bátinn sýndu ekki skriðbrettin og var frágangur þeirra því ekki samþykktur hjá stofnuninni. Jafnframt að fram hafi komið hjá stofnuninni að reglur um smíði og eftirlit trefjaplastbáta sé ábótavant.

Í álitinu sínu gerir nefndin alvarlegar athugasemdir við að hægt sé að gera afgerandi breytingar á trefjaplastbátum án samþykkis og einnig að það skuli fara framhjá skoðunaraðilum við búnaðarskoðun þeirra. Gerir nefndin tillögu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í öryggisátt um að regluverk um smíði, breytingar og eftirlit með trefjaplastbátum verði endurskoðað.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn Samgöngustofu um tillögu nefndarinnar sem barst með bréfi dags. 5. mars 2019. Í bréfinu segir að það sé mat stofnunarinnar að þetta tiltekna mál gefi ekki tilefni til endurskoðunar á regluverki sem tengist smíði plastbáta. Fyrirkomulag skriðbretta hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli reglna og handbóka auk þess sem fyrirkomulag skriðbrettanna í þessu máli hafi verið ósamþykkt af Samgöngustofu.

Varðandi þá athugasemd að hægt sé að gera afgerandi breytingar á trefjaplastbátum án samþykkis vísar stofnunin til 7. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum sem segir að engar meiri háttar breytingar megi gera á skipi eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni og stöðugleika, öryggi og/eða aðbúnað áhafnar án þess að fyrir liggja samþykki Samgöngustofu. Að mati stofnunarinnar sé festing skipbrettis við skut ekki þess eðlis að það falli undir ákvæði 7. gr. laga nr. 47/2013. Leiðbeiningar framleiðanda plastefna fyrir plastbáta og leiðbeiningar flokkunarfélaga og handbækur sem stofnunin styðst við geri hins vegar ráð fyrir því að festingar á búnaði í trefjaplastbátum sé útfært með gegnumgangandi boltum með stórum skífum eða flatjárnri undir róm. Við bolskoðun hefði því verið rétt að gera athugasemd við frágang vegna skriðbrettisins. Samgöngustofa muni árétta við skoðunaraðila mikilvægi þess að ganga úr skugga um réttan frágang fyrirkomulags á skut báta.

Loks leiðréttir Samgöngustofa þann misskilning sem birtist í skýrsludrögum rannsóknarnefndarinnar um að stofnunin telji reglur um smíði og eftirlit trefjaplastbáta vera ábótavant. Í skriflegum svörum stofnunarinnar komi það ekki fram en á fundi hafi komið fram að svokallaðar

Norðurlandareglur um smíði plastbáta (nr. 592/1994) séu komnar til ára sinna og hafi ekki verið endurskoðaðar um tíma. Stofnunin telji hins vegar ekki viðeigandi að tengja þetta tiltekna mál við þörf á endurskoðun þeirra.

Í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa segir að þeir sem tilmælum er beint til skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á. Líkt og reifað er hér að ofan kemur fram í umsögn Samgöngustofu að tilvikið, sem skýrsludrög og tilmæli rannsóknarnefndarinnar varða, orsakist af fyrirkomulagi sem hafi verið ósamþykkt af Samgöngustofu og ekki í samræmi við fyrirmæli reglna og handbóka. Stofnunin muni jafnframt leggja áherslu á að það við skoðunaraðila að athuga að frágangur á fyrirkomulagi á skut báta sé réttur. Með hliðsjón af framansögðu er það mat samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að skortur eða ágallar á regluverki hafi ekki verið orsakavaldur í þessu máli og gefi ekki tilefni til endurskoðunar á regluverki um smíði og eftirlit trefjaplastbáta.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbergur Björnsson



Eggert Ólafsson